

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Fífuhammsland, Lindir II og III.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 12. september 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 er staðfest var 29. apríl 1994 og tekur til Fífuhammslands, Lindir II og III.

Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Reykjanesbraut í vestur og norður, lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur í austur og fyrirhuguðum Fífuhammsvegi í suður. Eftirfarandi atriðum er breytt:

– Fyrirhuguð tengibraut frá Fífuhammsvegi að Stekkjarbakka í Reykjavík er færð vestar, þ.e. nær Reykjanesbraut.

– Fallið er frá hugmyndum um miðhverfi austan Reykjanesbrautar; svæðið verði fyrir blandaða landnotkun, verslun, þjónustu, stofnanir og opið svæði til sérstakra nota.

– Opið svæði milli fyrirhugaðra íbúðarsvæða er stækkað og annarsvegar auðkennt sem opið svæði og hinsvegar sem opið svæði til sérstakra nota.

– Afmörkun fyrirhugaðra íbúðarsvæða breytist.

a. Syðra íbúðarsvæðið, Lindir II, er stækkað til austurs að lögsögumörkum Kópavogs.

b. Nyrðra íbúðarsvæðið, Lindir III, er stækkað til vesturs og að norðanverðu fært fjær Reykjanesbraut.

– Sérstök lóð er fyrir hverfisverslun og leikskólalóð er færð sunnar að grunnskólalóð.

– Gert er ráð fyrir trjárækt í opna svæðinu sunnan Reykjanesbrautar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 12. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

12. september 1995

Nr. 512

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, stofnanalóð við Þrastarlund.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. september 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, er staðfest var 30. nóvember 1990 og tekur til stofnanalóðar við Þrastarlund.

Breytt er landnotkun þannig að íbúðarsvæði er minnkað, útivistarsvæði fært af vesturjaðri inn að miðju og gert ráð fyrir stofnanalóð á norðvesturhorni svæðisins.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akureyrar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 12. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.